

Tilmæli 27/2024
Tillaga A 1972/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Útflutningur affallsvatns á Norðurlöndum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 31. október 2024 kl. 00.00 eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu Norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að koma á kerfi til að vakta meðhöndlun hættulegra sendinga, þar á meðal affallsvatns, í móttökulöndunum til að tryggja að meðhöndlun úrgangs sé umhverfislega verjandi.

að kanna möguleika á samnorrænum aðgerðum eða áætlunum til að bæta vöktun og eftirlit með útflutningi á hættulegum úrgangi og affallsvatni,

að veita fé til rannsókna og þróunar í þeim tilgangi að kanna nýstárlega tækni og sjálfbærar aðferðir til meðhöndlunar á hættulegum úrgangi og frárennslisvatni sem inniheldur efni sem lágmarki umhverfisáhrifin.

Reykjavík, 31. október 2024

Bryndís Haraldsdóttir,
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss,
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs